

Minnisblað

Dagsetning: 23. desember 2021

Viðtakandi: Rannveig Anna Guicharnaud, Náttúrufræðistofnun Íslands

Sendandi: Aðalsteinn Örn Snæpórsson, Náttúrustofa Norðausturlands

Efni: Vöktun náttúruverndarsvæða 2021. Verkefni 1 - Náttúruvættið Dettifoss, Selfoss, Hafragilsfoss og nágrenni.

Við náttúruvættið Dettifoss, Selfoss, Hafragilsfoss og nágrenni er fylgst með álagi á gróður og jarðveg í skilgreindum hentistígum og á afmörkuðum álagssvæðum við Dettifoss, Selfoss og Hafragilsfoss. Einnig er fylgst með álagi á jarðminjar við Hafragilsfoss. Um náttúruvættið er fjallað nánar í minnisblaði frá 2020.

Framkvæmd 2021

Vettvangsvinna fór fram 25. ágúst og var hún unnin af Sigprúði Stellu Jóhannsdóttur og Bergþóru Kristjánsdóttur. Þar var/voru:

- rannsóknasvæði við Hafragilsfoss myndað með flygildi samkvæmt fyrirfram ákveðnum ferli. Það var gert til að fá mynd af stærra svæði og betri myndir með nýju flygildi.
- ljósmyndir teknar á föstum myndvöktunarpunktum af jarðminjum og gróðri.
- afmörkun álagssvæða gróðurs á myndkortum frá 2020 staðfest á vettvangi samkvæmt aðferð 1a.
- ástand hentistíga sem sáust á myndkorti við Dettifoss frá 2020 skoðað og metið á vettvangi samkvæmt aðferð 2c.
- lögð út þrjú gróðursnið á mismunandi álagssvæðum við Dettifoss. Þar verður fylgst með gróðurþekju (%), þekju tegundahópa (%) og gróðurhæð skv. aðferð 1b. Öll gróðursniðin eru á sléttlendinu við Dettifoss. Þar er nánast ómögulegt að finna svæði sem er ósnortið af umferð ferðamanna en ákveðið var að hafa viðmiðunarsniðið á gömlu álagssvæði sem hefur verið friðað í um 25 ár. Hin sniðin tvö eru á mismunandi álagssvæðum sem voru friðuð sumarið 2021. Markmiðið með gróðurmælingum er að sjá hvaða áhrif aðgerðir munu hafa á gróðurframvindu svæðisins.
- nýlega afmarkaðar gönguleiðir og útsýnisstaður við Dettifoss hnituð á vettvangi.

Úrvinnsla

Frumgögn frá 2020 og 2021 hafa verið sett inn í gagnagrunn Náttúrufræðistofnunar Íslands, þ.e.

- Ástandsmat og kortlagning álagssvæða gróðurs við Hafragilsfoss, Dettifoss og Selfoss.
- Kortlagning skemmda á göngustíg að Sjónnípu við Hafragilsfoss og á hluta gönguleiðar að Selfossi.
- Kortlagning og ástandsmat hentistíga við Hafragilsfoss og Dettifoss.
- Skráning á skemmdum jarðminjum við göngustíg að Sjónnípu. Nú fastir myndvöktunarpunktar.
- Gróðurmælingar á gróðursniðum.
- Fastir myndvöktunarpunktar, jarðminjar og gróður.
- GPS skrár hefur verið skilað inn til Náttúrufræðistofnunar.
- Ljósmyndir hafa verið settar inn í ljósmyndagrunn Náttúrufræðistofnunar.



- Ljósmyndum úr flygildi af svæðinu við Hafragilsfoss var skilað inn til Náttúrufræðistofnunar til myndkortagerðar.


Myndkort frá 2020 voru tilbúin til notkunar í byrjun árs 2021 og hefur verið unnið með þau í landfræðilega upplýsingakerfinu, Qgis. Þar er m.a. hægt að sjá afmörkun álagssvæða og hentistíga og staðsetningu skemmda, myndvöktunarpunkta og gróðursniða. Myndkort frá 2020 var notað við úrvinnslu en nýtt myndkort af svæðinu við Hafragilsfoss er væntanlegt eftir áramót.

Ljósmyndir á föstum myndvöktunarpunktum frá 2020 og 2021 voru bornar saman og metið hvort þar hafi orðið breytingar á jarðminjum og gróðri, jákvæðar eða neikvæðar.

Niðurstöður og umræður

Hafragilsfoss

Við Hafragilsfoss (1. mynd) sást lítill munur á ljósmyndum á föstum vöktunarpunktum milli ára, traðk á viðkvæmri gróðurþekju við bílastæði var aðeins meira áberandi og í Sjónnípú sást aukið rof á jarðminjum. Á 1. mynd má einnig sjá afmörkun álagssvæða og hentistíga við Hafragilsfoss árið 2020. Svæðið frá bílastæðinu að Sjónnípú, milli göngustígsins og gljúfranna, er eitt stórt álagssvæði. Mikið traðk er á svæðinu með tilheyrandi skemmdum á jarðminjum ásamt gróður- og jarðvegseyðingu.



1. mynd. Afmörkun gönguleiða, hentistíga og álagssvæða og staðsetning myndvöktunarpunkta við Hafragilsfoss. Bakgrunnur er myndkort frá 2020.


Dettifoss

Við Dettifoss er búið að setja upp girðingar meðfram gönguleiðum að Dettifossi. Þar sást greinileg framför í gróðri á þremur myndvöktunarpunktum og lítilsháttar framför á tveimur þar sem nú eru komnar girðingar meðfram göngustígum (2. mynd). Næst útsýnispalli var hinsvegar afturför í gróðri en þar er áfram farið yfir girðingar.



2. mynd. Myndvöktunarpunktar við Dettifoss. Bakgrunnur er myndkort frá 2020.

Á 3. mynd má sjá afmörkun álagssvæða gróðurs við Dettifoss og staðsetningu gróðursniða. Afmörkun álagssvæða gróðurs við Dettifoss var staðfest á vettvangi sumarið 2021 en einnig var tekið tillit til afmörkunar gönguleiða eftir uppsetningu girðinga. Girðingarnar eru strax farnar að skila árangri en gera þarf betur í afmörkun gönguleiða sunnan Dettifoss, allt að Selfossi .



3. mynd. Álagssvæði gróðurs og staðsetning gróðursniða við Dettifoss. Bakgrunnur er myndkort frá 2020.

Þar eru víða stór álagssvæði og gróður- og jarðvegseyðing út frá gönguleið. Nokkuð er um að gestir virði ekki girðingar næst Dettifossi en einnig er auðvelt að komast inn á það svæði frá gönguleiðinni að Selfossi. Einum myndvöktunarpunkti var bætt við á álagssvæði sunnan Dettifoss þar sem gestir virða ekki girðingar, 4. mynd.

Staðsetning gróðursniða var hnitsett en einnig voru settir litlir tréhælar við upphaf og enda sniðanna á nokkrum stöðum eða notast við járnhæla sem halda uppi nýjum girðingum.

Ástand hentistíga sem sáust á myndkortu frá 2020 var skoðað og metið á vettvangi. Hentistígar við Dettifoss eru að jafnaði ekki mjög breiðir en rofhætta er til staðar í þeim öllum, sjá 1. töflu og 5. mynd.

1. tafla. Hentistígar við Dettifoss, meðalbreidd og rofhætta.


Meðal- breidd	Rofhætta/lengd (m)				
	Engin	Takmörkuð	Nokkur	Mikil	Samtals
<50 cm	0	302	178	11	491
50-100 cm	0	404	145	191	740
100-150 cm	0	0	0	0	0
150-200 cm	0	0	0	0	0
Samtals	0	706	323	202	1231




4. mynd. Álagssvæði sunnan girðingar við Dettifoss.

Selfoss

Á gönguleið að Selfossi (6. mynd) var víða bleyta sumarið 2020 og álag á gróður utan við bleytusvæðin. Þessir staðir voru þurrir 2021 og leit gróður betur út.



5. mynd. Hentistígar við Dettifoss og metin rofhætta. Bakgrunnur er myndkort frá 2020.



6. mynd. Myndvöktunarpunktar á gönguleið að Selfossi. Bakgrunnur er myndkort frá 2020.



Framhald vöktunar

Náttúrustofan festi kaup á nýju flygildi vorið 2021 og nær það betri myndum en hið eldra. Þar sem myndataka er bæði veðurháð og truflandi fyrir gesti var ákveðið að taka ekki nýjar myndir á öllum vöktunarsvæðunum, þ.m.t. við Dettifoss og Selfoss austanverða. Æskilegt væri að ná nýjum myndum af þeim svæðum sumarið 2022. Lagt er til að áfram verði vaktaðir sömu myndvöktunarpunktar og myndir teknar árlega. Einnig er lagt til að gróðurmæling verði gerð eftir þrjú ár og á sama tíma verði álagssvæði og hentistígar kortlögð aftur og ástand þeirra metið (2. tafla).

2. tafla. Vöktunarpættir í náttúruvættinu.

Vöktunarpáttur	2022	2023	2024
Myndataka með flygildi við Dettifoss og Selfoss	x		x
Myndataka með flygildi við Hafragilsfoss			x
Myndvöktunarpunktar	x	x	x
Gróðurmæling við Dettifoss			x
Ástandsmat og kortlagning álagssvæða			x
Ástandsmat og kortlagning hentistíga			x